

Miðvikudaginn 3. maí 1944.

Nr. 110/1943. Valdstjórnin (Einar B. Guðmundsson)  
gegn

Hallgrími Júlíussyni (Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal  
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómarinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í vánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómarinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 17. og 26. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærður telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefnda daga, verið markaður á uppdrætti.

Í þinghaldi 22. júní 1942 tilkynnti dómarinn kærða, „að rannsókn málsins væri væntanlega lokið að öðru en því, að kærendurnir myndu staðfesta framburð sinn“ Eftir það hefur dómarinn þinghald 27. júní, 1. júlí og 7. ágúst 1942, er málið var tekið til dóms. Kærði var ekki viðstaddur neitt þessara þinghaldra, en þá eru m. a. lögð fram skjöl, er hann varða, og var honum ekki gefinn kostur á að kynna sér þau. Aldrei var kærða tilkynnt málshöfðun né honum greind kærutriði, og ekki var hann um það spurður, hvort hann ósk-

aði að fá verjanda í málinu, enda kom engin vörn fram af hans hendi.

Samkvæmt framansögðu eru þeir megingallar á málstilbúnaði og rannsókn máls í héraði, að orka verður ómerkingu dóms og málsmeðferðar þar, og ber að vísa málinu af nýju heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur rikissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 400 krónur til hvors.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Málsmeðferð og dómur í héraði eiga að vera ómerk. og er málinu vísað heim í hérað.

Áfrýjunarkostnað sakarinnar greiðir rikissjóður, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sigurðar Ólasonar, 400 krónur til hvors.

#### Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. ágúst 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. ágúst síðastliðinn, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hallgrími Júlíussyni, Hásteinsvegi 7 hér í bæ, skipstjóra á v/s Skaftfellingi VE 33, fyrir brot gegn l. nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. l. nr. 4/1924.

Kærður hefur þann 19. febr. 1942 sætt sekt 150 kr. fyrir óleyfilegan innflutning á útvarpstæki, en annars ekki sætt sekt né dómi áður.

En málavextir eru nú þessir:

Þann 17. marz s. l. var trillubáturinn Óli VE 103 á handfæraveiðum upp við Landeyjasand. Sáu þá bátverjar, að v/b Skaftfellingur, sem kærður er skipstjóri með, var þar að veiðum, og töldu hann vera að toga með botnvörpu vestur með landi á 12—15 faðma dýpi á svæðinu, er Bjarnarey og Elliðaey báru saman, en það verður langt inn í landhelgi. Kærðu þeir síðan málið fyrir bæjarfógeta.

Kærður hefur neitað þessu algerlega og vísað í dagbók skipsins, en þar er fært 17. marz: „Farið á veiðar kl. 6 Verið að veið-

um vestur af Þrídröngum. Sunnan gola. Skýjað.“ Kærður segir, að þennan dag hafi hvesst á sunnan, svo hann hafi ætlað austur að Dyrhólaey, en snúið við norð-austur af Elliðaey og farið aftur vestur með landi með hægri ferð, og á sömu slóðir og fyrr um daginn. En þeir hafi alls ekki verið að veiðum undir Landeyjasandi þennan dag.

Formaðurinn á trb. Óla, Sigurjón Ólafsson, og háseti Ástgeir Kristinn Ólafsson hafa báðir haldið því fram, og síðan staðfest þann framburð sinn með eiði, að v/s Skaftfellingur hafi verið á botnvörpuveiðum undir Landeyjasandi þann 17. marz s. l. á fyrrgreindum slóðum, og þeir hafi báðir greint botnvörpustrengina aftur af v/s Skaftfellingi, er hann togaði fram hjá þeim.

Þann 26. marz s. á. var trillubáturinn Gæfa VE 302 á handfæraveiðum undir Landeyjasandi. Töldu skipverjar sig þá sjá v/s Skaftfelling að botnvörpuveiðum á 10—14 faðma dýpi á svæðinu frá simamerki og austur að gamla strandinu. Formaðurinn af Gæfu og hásetinn, sem mættu í málinu sem vitni, höfðu þó hvorki séð, er v/s Skaftfellingur kastaði vörpunni né tók hana inn, og heldur ekki höfðu þeir greint togstrengina aftur af við veiðarnar.

Kærður skipstjóri á v/s Skaftfellingi hefur algerlega neitað, að hann hafi komið á skipi sínu undir „Sand“ þann 26. marz, að öðru leyti en því, að þeir um kvöldið kl. 5—6 hafi haldið vestur úr fyrir norðan Faxasker. Jafnframt hefur hann vísað í dagbók skipsins þann dag, en þar stendur „Farið á veiðar. Verið að veiðum vestur af Þrídröngum.“

Rétturinn verður því að fallast á, að ekki verði talið, að neinar sannanir hafi komið fram fyrir því, að v/b Skaftfellingur hafi verið að landhelgisveiðum 26. marz s. l.

Hins vegar verður að telja nægilega sannað með samhljóða eiddfestum vitnaframburðum tveggja vitna, og ekkert hefur komið fram, er hnekki eða veiki þann framburð, að kærður hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á v/s Skaftfellingi þann 17. marz s. l. á 12—15 faðma dýpi á svæðinu, er Bjarnarey og Elliðaey báru saman. Hefur kærður með því gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Refsing sú, er hann hefur til unnið, þykir hæfilega ákveðin 29500 króna sekt í landhelgissjóð, og er höfð hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem er 33.90. Verði sektin eigi greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða varðhaldi.

Um afla er ekki að ræða og heldur ekki um að gera upptæk veiðarfæri, þar sem svo langt er um liðið síðan brotið var framið.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

## Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hallgrímur Júlíusson, greiði 29500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin eigi greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærður afplána hana með sjö mánaða varðhaldi.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1944.

Nr. 112/1943. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)  
gegn

**Karli Ó. Guðmundssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. **Theódór B. Línal**  
í stað hrd. **Gizurar Bergsteinssonar.**

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur kveðið upp Kristinn Ólafsson, dómari samkvæmt umboðsskrá.

Með umboðsskrá 14. apríl 1942 var héraðsdómariinn í máli þessu skipaður til þess að rannsaka kærur, er fram höfðu komið um botnvörpuveiðar 10 vélbáta í landhelgi í nánd við Vestmannaeyjar, og fara með og dæma mál gegn þeim, er saksóttir kynnu að verða. Dómariinn hóf síðan rannsókn út af sakargiftum þessum sameiginlega og ósundurgreint að því er varðaði alla bátsformenn þá, er hann dró inn í málið, enda þótt ekki væri það samband milli þeirra athafna, er formönnunum var sök á gefin, að sú aðferð ætti við. Þá er rannsókninni einnig áfátt um ýmiss fleiri atriði, svo sem það, að þrátt fyrir neitun kærða um sök, hefur ekki verið tekin skýrsla af neinum bátverja hans og engin samprófun kærða og vitna farið fram. Ekki hefur verið rannsakað, hvers konar veiðarfæri kærði hafði í báti sínum 25. marz 1942, og ekki hefur staður sá, þar sem kærður telja kærðan hafa verið að botnvörpuveiðum nefndan dag, verið markaður á uppdrætti.